

Skjálǵ í Kolbeinsstaðahreppi:  
efnasamsetning vatns úr holu SK-01

**Magnús Ólafsson**



## Skjálrg í Kolbeinsstaðahreppi Efnasamsetning vatns úr holu SK-01

Sýni af vatni hafa í tvígang verið tekin úr holu SK-01 að Skjálrg í Kolbeinsstaðahreppi. Í fyrra skiptið þann 27. maí 1999 og á ný 21. ágúst síðastliðinn. Í bæði skiptin var vatni dælt með djúpdælu úr holunni. Í maí 1999 var dælt u.þ.b. 500 lítrum, en rétt um 3000 lítrum í ágúst 2002. Þá var vatnsborð á 5,3 m dýpi áður en dæling hófst.

Niðurstöður efnagreininga eru sýndar í töflu 1, en ekki þótti ástæða til að fara út í heildargreiningu á sýnunum.

Tafla 1. Niðurstöður efnagreininga (styrkur efna í mg/l).

	SK-01	SK-01
Dags.	1999.05.27	2002.08.21
Númer	1999-0151	2002-0206
Hiti (°C)	7	7
Dæling (l/s)	0,1	Breytileg
Sýrustig (pH/°C)	8,80 / 21,7	7,53 / 21,6
Karbónat (CO <sub>2</sub> )	61,3	39,8
Brennisteinsvetni (H <sub>2</sub> S)	< 0,03	-
Leiðni (µS/cm v/25°C)	4950	9800
Kísill (SiO <sub>2</sub> )	14,1	-
Klóríð (Cl)	1675	3940
Súlfat (SO <sub>4</sub> )	-	517
Járn (Fe)	0,042	-

Í stuttu máli sagt þá reyndist vatnið saltara og efnaríkara nú í ágúst en það var í maí 1999. Þá var álitid hugsanlegt að þar gætti áhrifa frá borsápu sem notuð var við borun holunnar, en það getur vart hafa verið rétt. Há selta vatnsins bendir til þess að vatnið eigi uppruna sinn í sjávarsetlögum þeim sem fram komu við borun holunnar.

Niðurstæða þessara athuguna er því sú að vatnið úr holunni er algerlega ónothæft sem neysluvatn.